

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 219/2021

frá 9. júlí 2021

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/70 frá 23. október 2020 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2018/1229 um tæknilega eftirlitsstaðla um aga í uppgjöri, að því er varðar gildistöku hennar ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bfh (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1229) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 R 0070**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/70 frá 23. október 2020 (Stjtið. ESB L 27, 27.1.2021, bls. 1).“

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/70, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. júlí 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. júlí 2021.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 27, 27.1.2021, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING